

Nd. **449. Frumvarp til laga** [196. mál]
um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Jón Ísberg, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Orðin „allt að þremur“ í 1. málsgr. 18. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1967.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum eru aðeins greiddir dagpeningar vegna atvinnuleysisbóta með þremur fyrstu börnum bótaþega. Þetta ákvæði hefur sennilega komið inn fyrir misskilning vegna greiðslu fjölskyldubóta og til þess að vera í samræmi við almannatryggingalögin, enda sagt í greinargerð frumvarps að lögum um atvinnuleysistryggingar, að samræmi væri við bótaákvæði almannatryggingalaganna. Sú breyting, sem felst í þessu frumvarpi, hefur ekki mikil aukaútgjöld í för með sér, en þótt svo væri, ber að breyta þessu, vegna þess að hér er fyrst og fremst um sanngirnismál að ræða. Börn atvinnuleysingja umfram þrjú þurfa einnig að borða, og sé raunverulega um atvinnuleysi að ræða, þá hefur atvinnuleysinginn engar tekjur til þess að kaupa fyrir nauðþurftir sínar, aðrar en bæturnar. Bæturnar hrökkva að vísu skammt, en það er önnur saga, en þessa missmið löggjafans er sjálfsagt að lagfæra.